

LÖG
um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna
og heilbrigðisþjónustu við dýr (íslenskukunnátta).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar. Heimilt er að gera kröfu í reglugerð um að dýralæknir búi yfir kunnáttu í íslensku eftir því sem við á hverju sinni, enda sé slík kunnátta talin nauðsynleg í starfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 2018.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Kristján Þór Júlíusson.